

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kynjahlutföll í stjórnnum lífeyrissjóðanna.

1. *Hvernig er kynjaskiptingin í stjórnnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna og í stjórnunarstöðum hjá þeim sundurliðað eftir sjóðum?*

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um kynjaskiptingu í stjórnnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna. Stærðarröð lífeyrissjóðanna byggist á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um stjórnarskipan er fengin hjá viðkomandi lífeyrissjóðum.

	Fjöldi í stjórn	Karlar í stjórn	Konur í stjórn	Kona stjórnarfor- maður	Karl stjórnarfor- maður	Karl framkvæmda- stjóri	Kona framkvæmda- stjóri
1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	8	5	3	1	0	1	0
2 Lífeyrissjóður verslunarmanna	8	6	2	0	1	1	0
3 Lífeyrissjóðurinn Framsýn	8	7	1	0	1	1	0
4 Lífeyrissjóður sjómanna	8	8	0	0	1	1	0
5 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	6	6	0	0	1	1	0
6 Lífeyrissjóður Norðurlands	8	8	0	0	1	1	0
7 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	7	7	0	0	1	1	0
8 Almenni lífeyrissjóðurinn	9	8	1	0	1	1	0
9 Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7	7	0	0	1	1	0
10 Lífeyrissjóðurinn Lífið	6	6	0	0	1	1	0
	75	68	7	1	9	10	0
		90,67%	9,33%	10%	90%	100%	

2. *Telur ráðherra ástæðu til að lögfesta tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnnum lífeyrissjóðanna og stjórnunarstöðum hjá þeim?*

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er kveðið á um almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna í lífeyrissjóði. Að öðru leyti er það eftirlátið einstökum lífeyrissjóðum að ákveða í samþykktum sínum hvernig vali stjórnarmanna skuli háttað. Ekki þykir ástæða til að gera breytingu hér á. Hvað varðar framkvæmdastjóra lífeyrissjóða segir í lögum nr. 129/1997 að auk þess sem framkvæmdastjóri þarf að uppfylla sömu almennu hæfisskilyrði og um stjórnarmenn gilda skuli menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Stjórn lífeyrissjóðs ræður framkvæmdastjóra sjóðsins og framkvæmdastjórinn ræður almennt aðra stjórnendur og starfsfólk. Þykir ekki ástæða til að lögfesta reglur um kynjahlutföll að því er varðar stjórnendur lífeyrissjóða sérstaklega.